

Dagskrá 444. fundar framkvæmdanefndar búvörusamninga, fjarfundur, haldinn 28. október 2020, kl. 13:30:

Pátttakendur voru: Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður, ANR, Arnar Freyr Einarsson, ANR, Arnar Árnason formaður LK, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, sem áheyrnarfulltrúi, og Jón Baldur Lorange, ANR, starfsmaður nefndarinnar, sem skrifaði fundargerð.

Eftirfarandi var tekið fyrir samkvæmt dagskrá:

- 1. Ráðstöfun fjármuna á árinu 2020 skv. 2. gr. samkomulags um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða (loftslagsmál).** Tillaga um tvö verkefni frá Sambandi garðyrkjubænda um ráðstöfun á árinu 2020 var lögð fyrir fundinn.

Verkefni 1. Gerður verði samningur við Landssamband skógareigenda sem vinni verkefnið í samstarfi við Félag garðplöntuframleiðenda. Unnið verði að afmörkuðum áfanga sem tengist verkefni sem hlotið hefur nafnið Kolefnisbrúin. Þessum hluta verkefnisins verði lokið í síðasta lagi 1. maí 2021. Fyrir liggja þá áætlun um heildareftirspurn, tillögur um með hvaða hætti unnt væri að mæta henni og skilaskýrsla sem lögð verði fyrir framkvæmdanefnd búvörusamninga. Kostnaður: 7.500.000. *Tillagan samþykkt.*

Verkefni 2. Þetta verkefni er átaksverkefni sem hefur hlotið vinnuheimtið „Gróður í borg og bæ“ en eftir er að útfæra nánar. Markmið verkefnisins er að auka áhuga, þekkingu og þátttöku almennings á ræktun gróðurs með tilliti til kolefnisbindingar. Vekja þarf vitund um að allur gróður og græn svæði binda kolefni og allir geti lagt sitt til. Í lok verk tímans skal liggja fyrir uppgjör og sundurliðun á öllum kostnaðarliðum. Kostnaður: 7.500.000,-. *Tillagan samþykkt.*
- 2. Ráðstöfun fjármuna skv. 8. gr. samkomulags um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða (lífrænir framleiðsluhættir).** Tillaga um tvö verkefni frá Sambandi garðyrkjubænda um ráðstöfun á árinu 2020 var lögð fyrir fundinn.

Verkefni 1. Gerður verði samningur um kaup á sérfræðiþjónustu garðyrkju- og jarðræktarráðunauta. Þeim verði falið að halda hagnýtt námskeið fyrir ræktendur garðyrkjuafurða sem fræðast vilja um aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum. Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu ræktenda og annarra áhugasamra um lífræna framleiðsluhætti í því skyni að fleiri reyni fyrir sér í þeirri grein og hefji mögulega aðlögunarferli með framleiðslu sína í heild eða að hluta, eða hefji nýja ræktun í samræmi við lífræna framleiðsluhætti. Verkefninu verði lokið í síðasta lagi 1. mars 2021. Fyrir liggja þá aðgengilegt, veflægt námsefni og skilaskýrsla sem lögð verði fyrir framkvæmdanefnd búvörusamninga. Kostnaður: 1.500.000,-. *Tillagan samþykkt.*

Verkefni 2. Gerður verði samningur um kaup á sérfræðiþjónustu þar sem gerð verður m.a. úttekt á fyrirkomulagi vottana um lífræna framleiðslu hérlendis og í nágrannalöndunum. Gerð verði greining á þeim mismun á vottun sem virðist vera uppi á milli landa og í hverju hann felst. Farið verði yfir hverjar helstu hindranir eru til þess að auka megi lífræna framleiðslu hérlendis, bæði í framleiðslumagni og sem hlutfall heildarframleiðslu. Ásamt því að þjóna markmiðum sem sett eru fram í 8. grein samkomulags um breytingar á samningi um starfsskilyrði garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016, dags. 14. maí 2020, er verkefninu einnig ætlað að afla upplýsinga sem nýst geta við gerð mælaborðs landbúnaðarins skv. 10 grein. Þá mun greiningarvinna verkefnisins jafnframt nýtast vel til að uppfylla ákvæði 7. greinar rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, dags. 19. febrúar 2016. Fullbúin greiningarskýrsla og tillögur skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst 2021. Viðkomandi gögn verði þá lögð fyrir framkvæmdanefnd búvörusamninga. Kostnaður: 8.500.000,-. *Tillagan rædd og samþykkt.*

3. **Ríkisstuðlar mjólkurvara.** Erindi SAM um nýja og endurskoðaða ríkisstuðla á tveimur vörum (Ferskur mozzarella og Burrata). Óskað eftir staðfestingu framkvæmdanefndar.
Framkvæmdanefndin staðfesti ríkisstuðlana.
4. **Ráðstöfun fjármagns skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt um framleiðslujafnvægi.** Erindi LK um ráðstöfun 16 m.kr. í fjárveitingu til verkefnis samkvæmt kostnaðaráætlun sem lögð var fyrir fundinn. Þegar hefur verið ráðstafað 20 m.kr. til þessa verkefnis sbr. fund framkvæmdanefndar dags. 8. maí 2020. Markmið verkefnisins er að styrkja stöðu íslenskrar nautakjötsframleiðslu, tryggja að neytendum standi ávallt til boða gæðaaufurðir í takt við eftirspurn hverju sinni og auka markaðshlutdeild íslensks nautakjöts á innanlandsmarkaði.
Tillagan var samþykkt.
5. **Ullarstuðlar fyrir árið 2021.** Erindi frá Landssambandi sauðfjárbænda (LS). Breytingar á stuðlum.
Nýir stuðlar samþykktir.
6. **Stuðlar á álagsgreiðslur gæðastýringar 2021.** Erindi frá Markaðsráði kindakjöts. Lagðir til óbreyttir stuðlar frá 2020, sem verða fyrst notaðir við ársuppgjör þessa árs. Breytinga frá 2020 felast í að nú verða sérstakir stuðlar eftir sláturtíma lamba.
Samþykkt.
7. **Ullarmál.** Álit umboðsmanns Alþingis nr. 9668/2018 og möguleg viðbrögð við því. Ráðherra hefur óskað eftir því að framkvæmdanefnd búvörusamninga taki málið til umræðu og geri tillögu að úrlausn málsins. Málið tekið til kynningar og umræðu á fundinum. Fyrirhugað að halda sérstakan fund eftir um vikutíma þar sem málið verður tekið til umræðu að nýju.
8. **Önnur mál.**
Fjallað um framleiðslujafnvægi í landbúnaði skv. 6. gr. nautgripasamnings. Það upplýstist að óráðstafað er 128.091.359 kr. á þessum fjárlagalið miðað við 27. okt. 2020. Ráðuneytið mun kanna með hvaða tímamörk eru á ráðstöfun fjármunanna.
Fjallað um mælaborð landbúnaðarins og hver staðan á því verkefni er.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 14:30.